



REYKJAVÍK
— fyrir okkur öll

Áfrýjunarnefnd velferðarráðs





Áfrýjunarnefnd velferðarráðs

- Um nefndina gildir samþykkt áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar.
- Nefndin er skipuð þremur fulltrúum sem sæti eiga sem aðalmenn í velferðarráði og jafnmörgum til vara, sem skulu vera ýmist aðal- eða varamenn í ráðinu. Velferðarráð kýs fulltrúana og formann nefndarinnar. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og velferðarráðs.
- Tveir starfsmenn á skrifstofu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar skulu að jafnaði sitja fundi nefndarinnar og veita ráðgjöf til nefndarmanna hverju sinni. Annars vegar ritari nefndarinnar sem er lögfræðingur á skrifstofu velferðarsviðs og hins vegar deildarstjóri á skrifstofu ráðgjafar og þjónustu á skrifstofu velferðarsviðs.



Framhald

- Áfrýjunarnefnd velferðarráðs endurskoðar umsóknir umsækjenda um þjónustu samkvæmt reglum velferðarsviðs sem sýnjað hefur verið, að öllu leyti eða að hluta, hjá miðstöðvum Reykjavíkurborgar.
- Áfrýjunarnefnd er endurskoðun á sama stjórnarsýslustigi. Ekki er um að ræða kæru til æðra stjórnvalds. Áfrýjunarnefnd hefur heimild til að veita undanþágu ef það eru málefnaleg skilyrði fyrir hendi.
- Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar nefndarmaður forfallast skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Aðalmaður skal tilkynna forföll til starfsmanns nefndarinnar eins fljótt og auðið er og skal aðalmaður boða varamann í sinn stað.
- Fundartími:
 - kl. 9:00 – 10:30 alla miðvikudaga



Reykjavík



REYKJAVÍK
— fyrir okkur öll